

Stofnanasamningur

Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga annars vegar og SÁÁ hins vegar.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og SÁÁ gera með sér eftirfarandi samning í samstarfsnefnd um forsendur og reglur um röðun starfa.

Inngangur.

Samkvæmt 11. gr. aðalkjarasamnings frá 9. september 2005 er stofnanasamningur hluti af kjarasamningi og er honum meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirku launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum SÁÁ og starfsmanna þess. Stofnanasamningur er sérstakur samningur milli SÁÁ og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamnings með hag stofnunnar og starfsmanna í huga.

Gildissvið.

Samningur þessi nær til allra félagsmanna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga sem starfa hjá SÁÁ. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu dags. 9. september 2005.

Markmið.

- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum SÁÁ og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissrar vinnu og sé árangurshvetjandi.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem SÁÁ er ætlað að sinna.
- Starfsmenn fái tækifæri til að sækja endurmenntun, námskeið eða ráðstefnur og hafi tök á að auka hæfni sína í starfi.

Launaflokkar og forsendur röðunar.

Við ákvörðun um röðun starfa skal tekið tillit til eðlis, ábyrgðar og umfangs viðkomandi starfs. Lagt er til grundvallar mat á faglegri þekkingu, klíniskri færni, persónubundnum þáttum, stjórnunarábyrgð, ásamt rannsóknar- og þróunarstarfi.

Röðun starfa í launaflokka:

03 Hjúkrunarfræðingur nýútskrifaður, fyrsta árið.

04 Hjúkrunarfræðingur eftir tvö ár í starfi.

11 Deildarstjóri.

- a. Hjúkrunarfræðingur sem er í a.m.k. 80% starfshlutfalli, tekur allar vaktir og þar af a.m.k. 25% næturvaktir raðist einum launaflokki ofar. Hjúkrunarfræðingur fimmtíu og fimm ára og eldri sleppi næturvöktum samkvæmt samningi FÍH óski hann þess, en telst samt taka allar vaktir.
- b. Hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri með fimm ára starfsreynslu í afeitrunarhjúkrun raðist einum launaflokki ofar.
- c. Hjúkrunarfræðingur sem tekur 50% næturvaktir eða meira raðist einum launaflokki ofar.
- d. Hjúkrunarfræðingur raðast ekki hærra en sem svarar krónutölu í launaflokki 8-5.

Mat á námi til launaflokkshækkunar.

- Sérnam sem nýtist í starfi a.m.k. eitt ár: Einn launaflokkur.
- Meistarapróf eða annað háskólanám sem nýtist í starfi, meira en 30 einingar : Tveir launaflokkar.
- Doktorspróf : Þrjú launaflokkar.

Mat á einstökum þáttum til álags á launaflokka.

Starfsreynsla:

- Hjúkrunarfræðingur, deildarstjórar með 5 ára starfsreynslu eftir útskrift hækkar um eitt launaprep (2,5 %).
- Hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri með 10 ára starfsreynslu eftir útskrift hækkar um eitt launaprep (2,5%).

Menntun:

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur námi, námskeiði eða fræðslufundum sem nýtast í starfi:

- 5 einingar (60 klst.) eitt launaprep (2,5%).
- 10 einingar (120 klst.) tvö launaprep (2,5%).

Einungis skulu metin samfelld námskeið eða námskeiðshlutar sem teljast hálf eining, hið minnsta 6 klst.

Starfsreynsla hjá stofnun:

- Eftir eitt ár í starfi hjá SÁÁ, tvö launaprep (5%).
- Eftir fimm ár í starfi hjá SÁÁ tvö launaprep (5%).
- Eftir átta ár í starfi hjá SÁÁ tvö launaprep (5%).

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunnlaunatöflu launaflokks sem er umfram 20% færist í næstu launatölu í næsta launaflokk fyrir ofan.

Sérstök tímabundin umbun:

Umbun þessi greiðist umfram mánaðarlaun vegna sérstakra tímabundinna þátta svo sem einstakra fyrirlestra eða annars. Ákvörðun um slíkar greiðslur er tekin af forstöðumanni. Hámarksfjárhæð er 30 þúsund á mánuði.

Áður áunnin hlunnindi haldist óbreytt (svo sem álag á næturvaktir og fleira.).

Bókun:

Aðilar eru sammála um að í samningi þessum að launahækkun skv. bókun í aðalkjarasamningi sem koma átti til framkvæmda 1. maí 2007 taki gildi ári fyrir en ella.

Gildistími og endurskoðun.

Gildistími stofnanasamnings er frá 1. maí 2006, til 30. apríl 2008.

Undirritun stofnanasamning
Reykjavík dags.

F.h. SÁÁ.

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

